

Reglur um notkun snjalltækja nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar

Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Mælst er til þess að nemendur geymi snjalltæki heima. Taki nemendur þau með í skólann skal vera slökkt á þeim. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum.

Brjóti nemandi þessar reglur skal starfsfólk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökkva á því. Brjóti nemandi ítrekað þessar reglur skal honum vísað til skólastjóra þar sem nemandi afhendir tækið og foreldrar sækja það. Neiti nemandi að afhenda slík tæki þá skulu foreldrar koma í skólann og ná í tækið.

Þessar reglur og framkvæmd þeirra skal endurskoða í janúar 2020.

Fjarðabyggð 14. desember 2018



Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í fræðslunefnd 5. desember 2018

Samþykkt í bæjarráði 10. desember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 13. desember 2018